

Einmana

Ég á enga vini hér
mér líður ekki nógu vel
því allir þurfa að eiga 'einhvern að
Þess vegna vil ég óska mér
einhvern sem þykir vænt um mig
því allir þurfa að eiga 'einhvern að

**Ég vil ekki vera skilin útundan
alein og utangátta
fæ ekki ekki vera með
mig langar til að eiga vini
mig langar svo
því að ég er svo einmana**

Ég reyni að skilja
hví er lífið svo grimmt
við litlar sálir
rétt eins og mig
og ég hef enga til að halla mér að
Er lífið virðist orðið um megn

**Ég vil ekki vera skilin útundan
alein og utangátta
fæ ekki ekki vera með
mig langar til að eiga vini
mig langar svo
því að ég er svo einmana
Ég er svo ósköp einmana
því að ég er svo einmana**